Hafnarfjarðarbær
Innk: 29/9 2015
Málsnr: 1509731
Bréfal: 512

Hafnarfjörður 23. september 2015

Bæjarráð Hafnarfjarðar

Fyrir hönd Miðbæjarsamtaka Hafnarfjarðar óskum við eftir því að Bæjarstjórn Hafnarfjarðar endurskoði yfir fimmtán ára gamalt miðbæjarskipulag, sem að okkar mati er löngu úrelt.

Í dag eru ýmsar stefnur í gangi eins og þétting byggðar eða að skapa líf á hafnarsvæðinu, en á sama tíma er miðbærinn í óvissu þar sem atvinnuhúsnæði víkur fyrir litlum íbúðum og verslanir víkja fyrir heildsölum.

Þetta er þróun sem við verðum að stöðva. Til að fyrirtæki og verslanir dafni hér í miðbænum þarf að vera mannlíf og gott aðgengi að verslunum. Ef sú þróun, sem verið hefur undanfarin ár, heldur áfram mun miðbær Hafnarfjarðar breytast í svefnbæ og verslunar- og þjónustufyrirtæki hverfa. Í miðbæ Hafnarfjarðar vantar vinnustaði.

Við skorum því á bæjaryfirvöld að samþykkja ekki byggingar á frekari íbúðabyggð í miðbæ Hafnarfjarðar, heldur verði áhersla lögð á endurskipulagningu sem gerir miðbæinn lífvænlegan fyrir þjónustu- og verslunarfyrirtæki. Fjöldi íbúða er nú þegar í miðbænum og fjölmargar í byggingu og líst okkur illa á enn frekari fjölgun íbúða í áætlaðri byggingu að Strandgötu 28-30.

Ein hugmynd væri að setja af stað hönnunarsamkeppni og fá þannig framtíðarhugmyndir um uppbyggingu miðbæjarins í Hafnarfirði.

F.h. Miðbæjarsamtaka Hafnarfjarðar

Alexandra Fanney Jóhannsdóttir - HB Búðin
Steinunn Ólafsdóttir — Penninn Eymundsson
Guðrún Ágúst. Sig — Nýform
Sigríður Anna Sigurðard. — Sigga & Timo
Steinunn Þorsteind — Kaki
Bergþór Matthías — Kailash
Andrea Magnúsd. — Andrea
Sigríður Margrét Sveinsdóttir — Litla Hönnunar Búðin
Lilja Ingvarsdóttir (Lilja Boutique)

| | |
|---|---|
| Berglind Goldstein | Veitingahúsið Silfur |
| Scarlet Cumillera | Snyrtistofa Rósu |
| Sjöfn Sam | Dalakofinn |
| Bryndís Helga Jónsd. | – Úr og Gull – |
| Snæddís Rún Jón | Dis Íslenska Hönnun |
| Sigurður Karlsson | 10–11 |
| Erla Sigurðard | Café Deluxe |
| G. Bj. Harðard. | Fjörður |
| Margrét Ó. Leópoldsdóttir | m/vinnustofu í Íshúsi Hafnarf. |